

## Afhending hjálma



Föstudaginn 15. maí hélt fríður hópur 1. bekkinga ásamt umsjónarkennurum og stjórnendum í Ípróttahúsið í Njarðvík en árlega gefa Kiwanisklúbbarnir, á landinu nemendum 1. bekkja, hjálma. Eimskip styrkti verkefnið í ár. Það var því glaður hópur sem hélt heim á leið, með nýja hjálma í farteskinu. Markmiðið með

þessari gjöf er að kenna börnum mikilvægi þess að nota hjálm við hjólríðar og hafa hann rétt stilltan. Þar sem allir nemendur 1. bekkja eiga eins hjálma þá biðjum við ykkur um að merkja hjálmana vel.



## Fornleifarannsókn

Dagana 18.-29. maí er fornleifarannsókn á landnámskálanum í Höfnum. Það er Fornleifafræðistofan undir stjórn dr. Bjarna F. Einarssonar, fornleifafræðings, sem stjórnar rannsókninni, en með þeim verða namar í fornleifafræði við Háskóla Íslands sem eru í verklegu námi. Þetta er verkefni Reykjanesbæjar og er hugsað til að kynna nemendum 5. bekkja við grunnskóla bæjarins þessa vinnu þar sem landnámið er hluti af námskrá þeirra í samfélagsfræði. Nemendunum verður kynnt rannsóknin, sagt almennt frá rannsóknarstaðnum og frá fornleifarannsóknum. Síðan verður farið með nemendurna um þorpið og nokkrir staðir skoðaðir svo sem Jamestown ankerið, Kotvogsrústirnar o.fl. Nemendur Akurskóla fara miðvikudaginn 27. maí.

## Vorferðir nemenda

Nú er að síga á seinni hlutann á þessu skólaári. Nemendur fara í vorferðir sem hér segir:

1. bekkur fer í Fræðasetrið í Sandgerði þann 29. maí
- 2.-3. bekkur fer á Garðskagavita og skoðar Byggðasafnið í Garði þann 28. maí
- 4.-5. bekkur fer í Alviðru, Höfrungar 2. júní, Hnísur 3. júní, Háhyrningar 4. júní
- 6.-7. bekkur fer í gönguferð upp í Sólbrekkuskóg þann 28. maí
- 8.-9. bekkur fer í Bjarkarhús í Hafnarfirði þann 28. maí

Nemendur verða að koma klæddir eftir veðri og hafa með sér nesti.

## Skólaslit

Skólaslit verða þriðjudaginn 9. júní sem hér segir:

1. bekkur kl. 9
- 2.-3. bekkur kl. 10
- 4.-5. bekkur kl. 11
- 6.-7. bekkur kl. 12
- 8.-9. bekkur kl. 13

Nemendur fá afhent námsmatsblöðin sín.  
Skólasetning verður í Akurskóla mánudaginn 24. ágúst.  
Nánar auglýst síðar.

## Veikindi

Við viljum minna á að það þarf að tilkynna forföll nemenda daglega á skrifstofu skólans í síma 4204500



## Þemadagar



Víkuna 4.-8. maí voru þemadagar og þemað að þessu sinni bar nafnið "Undir berum himni" en eins og nafnið gefur til kynna þá var lögð rík áhersla á útikennslu. Nemendur unnu saman í blönduðum hópum að skemmtilegum og fjölbreyttum verkefnum sem að stórum hluta fóru fram utandyra, m.a var farið í göngutúra, útileiki, grillað, málað og fleira. Nemendur í 1.-3. bekkjum unnu að veðurathugunum, skoðuðu plöntur og skordýr, könnuðu fuglalíf við tjarnirnar og við fjöruna. Síðan var eldað snúið brauð, nanbrauð og poppað popp á báli. Nemendur í 4.-6. bekk unnu einnig að veðurathugunum, hlustuðu og bjuggu til þjóðsögur, bjuggu til ferðaskrifstofu, máluðu Íslandskortið fyrir framan aðalinngang skólans, týndu rusl og endurnýttu það og jafnframt feguðu umhverfið. Elstu nemendurnir í 7.-9. bekk unnu að steinalist, lærðu fyrstu hjálp og grillaðu snúið brauð yfir báli. Einnig var hópur frá 8.-9. bekk að unnu að verkefninu virkjum vísindi keppninni sem haldin var í síðustu viku. Allt heppnaðist vel og endaði þemavikan á grillaðum pylsum í boði Skólamatar og var afrakstur vikunnar til sýnis jafnt innan sem utan skólans. 1.-3. bekkir buðu upp á grillað nanbrauð og popp. Hægt er að sjá myndir á myndasíðu skólans undir þemaviku.



## Friðarhlaupið

Bjarki Snær nemandi í Hnísum fékk verðlaun fyrir mynd sína sem hann sendi inn í myndasamkeppni sem bar undirskriftina "Veröldin er garður í hjarta mínu." Hann var einn af sjö sem unnu til verðlauna af 572 nemendum víðsvegar um land. Myndin hans mun nú fara á sýningar um allan heim. Við óskum honum til hamingju.

## Vorhátíð

Mánudaginn 8. júní verður vorhátíð í Akurskóla. Nemendur mæta í skólann skv. stundatöflu en öll almenn kennsla fellur niður þann dag.

## Skólakynning

Skólakynning var haldin í sal Akurskóla föstudaginn 22. maí sl. fyrir foreldra barna sem hafa verið skráð í Akurskóla skólaárið 2009-2010. Deildarstjóri kynnti stefnu skólans, skólastarfið og umsjónarkennara. Einnig kynnti umsjónarmaður frístundarskólans starfið sem þar er unnið.



Krakkarnir í frístundaskólanum hafa verið að vinna með kurteis í starfinu undanfarinn mánuð. Umbunakerfi var sett af stað og fengu krakkarnir stimpil í lok dags ef þau voru búin að vera kurteis. Þegar búin var að fylla spjaldið af stimplum fengu þau ís í verðlaun, en það var hann Magnús í Njarðvíkursjoppu sem bauð krökkunum

upp á hann Á leiðinni heim í strætó ræddu krakkarnir um verðlaunin sem þau fengu og voru öll á þeirri skoðun að það borgaði sig að vera kurteis, því þá fengi maður ókeypis ís!! Frábært framtak hjá eigendum Njarðvíkursjoppu.

# Akurskjól



Börnin í Akurskjóli skelltu sér á Listahátíð barna sem haldin var í Duushúsum. Á sýningunni fengu börnin tækifæri til að



búa til sín eigin listaverk úr leir, sem þau síðan skildu eftir öðrum gestum til ánægju. Listahátíðin í ár bar yfirskriftina VINÁTTA og var þetta því góður vettvangur til að ræða vinamálin.



# Flott án fíknar

Krakkarnir í forvarnarklúbbnum "Flott án fíknar" fóru í ferð á Selfoss miðvikudaginn 20. maí. Þar var vel tekið á móti þeim af unglingum og hópstjóra "Flott án fíknar" í Sunnulækjarskóla. Krakkarnir hittust á fallegu skógarsvæði við Ölfusá. Þar grilluðu þeir pylsur í helli og nutu samverunnar í náttúrunni. Þaðan var síðan gengið í félagsmiðstöð bæjarins, þar sem krakkarnir áttu góða stund saman. Þessi skemmtilegi hópur mun síðan koma í heimsókn til okkar í Akurskóla næsta haust. Frábær ferð í alla staði.



Góða veðrið lék við nemendur skólans í síðustu viku. Kennarar notuðu tímann vel og leyfðu nemendum að fara út að læra og njóta veðurblíðunnar í leiðinni.



# Virkjum vísindin og hugvitið hjá unga fólkinu



Vísindakeppnin „Virkjum vísindin og hugvitið hjá unga fólkinu“ fór fram í Akurskóla 14. maí. Í ár áttu nemendur að hanna bát sem þurfti að uppfylla ákveðin skilyrði. Veitt voru fern verðlaun, en það var liðið Kúlíó úr Akurskóla sem fékk verðlaun fyrir frumlegasta bátinn, Tropic Thunder úr Stóru-Vogaskóla fékk verðlaun fyrir hönnun og virkni báts og The Dinos úr Heiðarskóla fékk verðlaun fyrir besta tíma bátsins en auk þess fékk



liðið verðlaun fyrir keppni í eðlisfræðiþrautum sem kennarar úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja lögðu fyrir nemendur. Það voru síðan The Mills úr Myllubakkaskóla sem unnu reiptogið, en þar var kaðall strengdur yfir sundlaugina þannig að það lið sem tapaði endaði ofan í lauginni. Þeir sem standa að þessari keppni fyrir ungvíðið á Suðurnesjum eru Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar, Norðurál og Hitaveita Suðurnesja. Þátttaka var mjög góð en alls tóku 85 nemendur úr öllum grunnskólum Reykjanesbæjar, auk nemenda úr Stóru-Vogaskóla, þátt í keppninni. Keppnin í ár var þrískipt, í fyrsta hluta hennar áttu nemendur að hanna bát sem kæmist undir eigin vélarafli þvert yfir sundlaugina sem er 9 metrar, þá voru



verðlaun veitt fyrir hönnun, frumlegheit og virkni bátanna. Sú nýbreytni að setja upp stöðvar með ýmsum eðlisfræðitilraunum tókst mjög vel. Það má segja að mikil gleði og spenna hafi ríkt í íþróttamiðstöðinni við Akurskóla og viljum við koma þakklæti til allra sem lögðu okkur lið, kennurum, starfsmönnum og ekki síst Skólamat sem bauð öllum þátttakendum upp á brúnköku og drykk.

## Swif

SWIF. Svíþjóð – Ísland – Finnland nordic peer learning er skóla samvinnu verkefni sem er verið að vinna með nemendum 4.-5. bekkja hér í Akurskóla. Markmiðið er að efla fræðslu og þekkingu nemenda okkar, á hinum norðurlöndunum, hvernig skólarnir eru, náttúran, maturinn, menningin og fl. Nemendur í 4.-5. bekkjum byrjuðu að skrifast á við nemendur í Övermarkskola í Finnlandi og Celsiusskolan í Svíþjóð í vetur og fóru út að leita að einhverju í náttúrunni okkar til að mynda og settu svo saman smá myndasýningu á cd og sendu penna vinunum. Ferðin lá í fjöruna og þar fundu nokkrir nemendur flöskuskeyti frá nemanda í skóla í Keflavík, sem þau ætla vissulega að svara og segja síðan penna vinunum frá.



## Reykir

Nemendur í 7. bekk fóru dagana 20. - 24. apríl í skólabúðir á Reykjaskóla í Hrutafirði. Nemendur tóku þátt í ýmsum verkefnum á daginn m.a. náttúrufræði, íþróttum, undraheimi auranna, stöðvaleikjum og fl. Á kvöldin voru haldnar kvöldvökur, þar sem nemendur sáu um að koma með skemmtiatriði og leiki. Á Reykjum hefur tíðkast að hafa hárgreiðslukeppni þar sem stelpurnar greiða strákunum. Akurskóli vann keppnina í þetta sinn og sáu hárgreiðslumeistararnir Ingunn Kara, Elva María og Anita Rut um greiðslu og málningu á Ástþóri sem var módelið þeirra. Frábær ferð í alla staði.



# Kornið

Fréttabréf Akurskóla

Ábyrgðarmaður: Jónína Ágústsdóttir

Akurskóli  
Tjarnabraut 5  
S: 420 4550 Fax: 420 4551  
www.akurskoli.is  
akurskoli@akurskoli.is